

id fyrir á sjúkrahúsi kaupstaðarins, og er hin umkrafða upphæð kostnaður við veru 72 hans þar og vöktun fyrir þrjásemi sakir. Móðir sjúklingsins, sem var prestsekkja og 9. júní átti heima í Reykjavík, beiddist þess af fátækrastrjórninni, að fæðingarhreppur sonar síns yrði ekki krafinn endurgjalds á hinum veitta styrk, og lofaði að greiða allan áfallinn kostnað; en fyrir fátæktar sakir og vanheilsu gat hún aldrei innt þá greiðslu af hendi. — Í marzmánuði 1886 ritaði þá bæjarfógetinn í Reykjavík sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu og krafðist endurgjalds af ofanefndum fæðingarhreppi Steingríms, sem var 25 ára gamall þegar styrkurinn var veittur, og þannig ekki gat hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl eptir 16 ára aldur, en hreppsnefndin neitaði að greiða upphæðina, meðal annars af þeirri ástæðu, að nefndinni hafði ekki verið tilkynnt neitt um styrkveitinguna, þegar hún var í tje látin, og endurgjalds ekki krafizt fyrr en allt að 2 árum síðar. Á þessari ástæðu hreppsnefndarinnar byggir amtmaðurinn í norður- og austuramtinu neitun sína um að skylda Öngulstaðahrepp til að greiða hinar umkröfðu 69 kr. 42 aura, en þjer hafði aptur á móti haldið því fram, að engin vanræksla hafi átt sjer stað af hendi fátækrastrjórnar Reykjavíkur, með því að tími sá, sem leið frá því er styrkurinn var veittur þangað til endurgjalds var krafizt af fæðingarhreppnum, hafi gengið til þess að leita endurgjalds hjá móður þurfamannsins og öðrum ættingjum, svo og síðar hjá styrkþyggjanda sjálfum, er þá var farinn til Vesturheims, og teljið þjer fátækrastrjórnina hafa verið skylda til þessa að lögum, áður en hún gat heimtað endurgjald af hreppnum; í annan stað hafði þjer leitað röksemda fyrir því, að fæðingarhreppurinn hafi ekkert tjón getað beðið við það, þó að tilkynningin kæmi svona seint, eða þurfi ekki að borga meira fyrir þá sök, en hann ella hefði þurft.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð; til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum í Reykjavík, að með því að ekki verður sjed, að það atriði, að fátækrastrjórnin fyrst leitaði endurgjalds hjá venzlamönnum styrkþyggjanda hafi getað verið því til fyrirstöðu, að styrkveitingin jafnframt væri tilkynnt framfærslusveitinni, og með því að hvert það sveitarfjelag, sem vill fá endurgoldinn bráðabirgðastyrk, er það veitir þurfamauni annarar sveitar, verður að tilkynna framfærslusveitinni styrkveitinguna svo fljótt sem því verður við komið, til þess að henni gefist kostur á að gjöra þær ráðstafanir, er hún álitur með þurfa, að viðlögðum missi endurgjaldskröfunnar gagnvart framfærslusveitinni, sbr. meðal annars Lhbr. 10. marz 1888, Stj.tíð B. bls. 57., þá verð jeg að vera amtmanninum í norður og austuramtinu samdóma um það, að krafa fátækrastrjórnar Reykjavíkur gegn Öngulstaðahreppi sje ekki svo tímanlega fram komin, að Öngulstaðahreppur geti orðið skyldaður til að endurgjalda hinar umræddu 69 kr. 42. aura.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu, um endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 25. febr. síðastl., hafði 73 9. júní þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Holtshreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, uppkveðnum 19. apríl f. á. sem ákveður, að Holtshreppur skuli endurgjalda Akureyrarkaupstað framlag til Hafliða nokkurs Eiríkssonar á árinu 1888, að upphæð 34 krónur, og byggir hreppsnefndin neitun sína á eptirfylgjandi ástæðum:

1. að nefndin hafi fyrirfram lýst því yfir, að einskis fátækrastryks væri að vænta

73

9. júní.

Hafliða til handa af Holtshreppi, meðan hann dveldi á Akureyri, heldur skyldi honum vísað til áttþaga sinna, ef hann væri ekki sjálfbjarga maður.

- 2, að nefndin hafi vísað bæjarstjórninni á að taka borgun í eigum Hafliða;
- 3, að hið umrædda lán sje veitt án þess að lánþiggjandi beiddi um það, og án þess gjörð væri skoðunargjörð á bjargræðisástandum hans

Útaf þessu skal yður hjermed þjónustusamlega tjáð, til þóknarlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem jeg verð að vera yður samdóma um, 1^o, að það sje nægilega sannað, að hið umrædda lán hafi verið veitt eptir beiðni hlutadeiganda og eptir verulegri þörf, 2^o, að sveitarfjelag, sem orðið hefur að styrkja til bráðabirgða framfærslumann annars sveitarfjelags, eigi aðganginn að framfærslusveitinni um endurgreiðslu, en þurfi ekki sjálft að gjöra ráðstafanir til að ná á löglegan hátt endurgjaldi af eigum styrkþiggjandans, 3^o, að engin heimild hafi verið til að flytja Hafliða á sveit sína sumarið 1887 úr því hann endurgalt þá hinn litla fátækra styrk, sem hann hafði fengið skömmu fyrir árslokin 1886, og að slík yfirlýsing, sem hreppsnefndin í Holtshreppi hefur komið fram með viðvíkjandi styrk til Hafliða meðan hann dvelji á Akureyri og fátækraflutningskrafa hennar fyrir fram, eigi ekki við lög að styðjast, þá verð jeg í öllum greinum að fallast á úrskurð þann, sem þjer hafð lagt á málið, og skal hann að öllu leyti óraskaður standa.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögum fyrir 1890 og 1891.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 224 krónur til jökulvegur á Breiðamerkursandi sumarið 1890.

Veittar samtals kr. 1066,67 til verkfærakaupa og áhalda til afnota við vegagjörðarvinnu landsjós.

Veittar 110 krónur til aðgjörðar á aðalpostleiðinni frá Akureyri upp að ferjustaðnum við Ytra-Gil.

Veittar 2 krónur til að gera við brú á aðalpostleiðinni milli Nedraness og vadsins á Þverá í Stafholtstungum.

Veittar 13 krónur til endurgjalds kostnaði við skoðun á aðalpostleiðinni um Holtavörðuheiði sumarið 1890.

Veittar 179 krónur 42 a. til endurbóta á Skjálfandafjóltsbrúnni og Laxárbrúnni við Grenjadarstað.

Veittar 125 krónur 69 a. til endurgjalds kostnaði við endurbætur á aðalpostleiðinni í Dyrhólahreppi.

Veittar 58 krónur 87 a. til endurgjalds kostnaði við aðgjörð á aðalpostvegum í Austur-Skaptafellssýslu 1890.

Veittar 40 krónur í viðbót við ádurveittan styrk til aðgjörðar á aðalpostleiðinni um Barðastrandarsýslu sumarið 1890.

Veittar 685 krónur 73 a. til aðgjörða á brúnum yfir Elliðaár.

HEIÐURSMERKI

Með konungsbrjefi 23 apríl þ. á. var landshöfðingja Magnúsi Stephensen, kommandör af dannebrog og dannebrogsmanni, allramildilegast leyft að bera á mannfundum heiðursmerki sem officer í heiðursfylkingunni, er forseti hins franska lýðveldis hefur sæmt hann með.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI

26. maí veitti landshöfðingi presti að Skarðsþingum, sjera Jóni Bjarnasyni, lausn frá prestsembætti frá fardögum 1891 að telja, sakir heilsubrests og ellilasleika og með eptirlaunum.

29. s. m. var Ötrardals prestakall í Barðastrandar prófasteðdæmi veitt af landshöfðingja prestaskólakandidat Jóni Arnasyni, eptir að tillögu hlutadeigandi safnaðar hafði verið um það leitað. 2. júní veitti landshöfðingi prestaskólakandidat, Magnúsi Blöndal Jónssyni Hallormsstaðar- og þingmúla prestakall í Suður-Múla prófasteðdæmi, eptir að tillögu hlutadeigandi safnaða hafði verið um það leitað.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Gaulverjabær í Árneprófasteðdæmi (Gaulverjabæjar- og Villingaholtssóknir). Metið 1308 kr. 61 e. Prestsekkja er í brauðinu, sem nýtur $\frac{1}{10}$ af tekjum þess. Leyfi er nýlega fengið til að taka 2800 kr. embættislán uppá prestakallið til að byggja timburhús á prestssetrinu. Auglýst 29. maí 1891.

Skarðsþing í Dalaprófasteðdæmi Metið 1115 kr. 85 a. Af brauðinu greiðast eptirlaun til uppgjafaprests, $\frac{2}{3}$ af föstum tekjum þess. Auglýst 29. maí 1891.